

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2011/EES/5/33

frá 12. apríl 2007

um breytingu á ákvörðun 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (*)

(tilkynnt með númeri C(2007) 1567)

(2007/231/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/
EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ⁽¹⁾, einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/502/EB ⁽²⁾ er þess krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað.
- 2) Ákvörðun 2006/502/EB gildir einungis í 12 mánuði frá dagsetningu tilkynningarinnar. Þó má staðfesta viðbótartímabil fyrir ákvörðunina í samræmi við 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2001/95/EB.
- 3) Í ljósi fenginnar reynslu og þar sem ekki liggur fyrir varanleg gerð Bandalagsins um öryggi kveikjara er nauðsynlegt að staðfesta að ákvörðunin gildir í 12 mánuði í viðbót.
- 4) Ákvörðun 2006/502/EB bannar frá og með 11. mars 2007 að kveikjarar, sem ekki eru barnheldir og kveikjarar með óhefðbundið útlit, verði settir á markað. Þó er heimilt eftir þann dag að afhenda neytendum kveikjara, sem ekki eru barnheldir og kveikjara með óhefðbundið útlit, á meðan birgðir endast. Þar sem kveikjarar, sem ekki eru barnheldir og kveikjarar með óhefðbundið útlit, skapa verulega hættu skal banna að þeir séu afhentir neytendum.

- 5) Veita skal stysta, mögulega aðlögunartímabil til að beita þeim ráðstöfunum, sem fastsettar eru með þessari ákvörðun, í samræmi við nauðsyn þess að koma í veg fyrir frekari slys um leið og tekið er tillit til tæknilegra takmarkana og meðalhóf er tryggt. Aðildarríkin þurfa einnig aðlögunartímabil til að tryggja að ráðstöfununum verði beitt á skilvirkan hátt. Af þessum sökum skal bann við að afhenda neytendum kveikjara, sem ekki eru barnheldir og kveikjara með óhefðbundið útlit, taka gildi einu ári eftir að bann við að setja þessar vörur á markað tekur gildi.
- 6) Því er nauðsynlegt að breyta ákvörðun 2006/502/EB til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 2001/95/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun 2006/502/EB er breytt sem hér segir:

1. Í 2. gr. er eftirfarandi 3. og 4. mgr. bætt við:

„3. Aðildarríkin skulu tryggja að eingöngu barnheldir kveikjarar séu afhentir neytendum frá og með 11. mars 2008.

4. Aðildarríkin skulu banna að kveikjarar með óhefðbundið útlit séu afhentir neytendum frá og með 11. mars 2008.“
2. Í stað 2. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ákvörðun þessi gildir til 11. maí 2008.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 99, 14.4.2007, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 198, 20.7.2006, bls. 41.

2. gr.

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 11. maí 2007 og birta þær ráðstafanir. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. apríl 2007. Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Meglana Kuneva

framkvæmdastjóri.
